



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 17. nóvember 2014

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þingskjal 298 – 257. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Verkefni stofnunarinnar á að vera að sinna greiningu, ráðgjöf, meðferð og eftirfylgni fyrir blint, sjónskert, heyrnarlaust, heyrnarskert og hreyfihamlað fólk, auk fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og radd og talmei.

ÖBÍ hefur verið í tengslum við þau aðildarfélög sín sem málið við kemur og styður umsagnir þeirra.

Einnig bendir ÖBÍ á að markmið sem sameiningu stofnana, samkvæmt frumvarpinu, er m.a. að stefna að aukinni velferð landmanna, eins og fram kemur í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Fjármálaráðuneytið áætlaði í umsögn sinni að fengi frumvarpið staðfestingu myndi það leiða til fjárhagslegs ávinnings til lengri tíma. Þær stofnanir sem sameinaðar verða eru margar hverjar með langa biðlista. Setja þarf nægjanlegt fjármagn í hina nýju miðstöð þannig að tryggja megji að hún anni eftirspurn. Í ljósi þessa leggur ÖBÍ áherslu á að það fjárhagslega svigrúm sem mun myndast verði nýtt til þess að bæta faglega þjónustu við fatlað fólk með ólíkar skerðingar.

Jafnframt bendir ÖBÍ á að tryggja þarf að þjónusta stofnunarinnar verði endurgjaldslaus þannig að fjárskortur hamli því ekki að fólk leiti eftir þjónustu miðstöðvarinnar.

Í frumvarpinu kemur ekki fram hvort að stjórn eða bakhópur verði yfir stofnuninni. ÖBÍ telur nauðsynlegt að þau samtök sem eiga hagsmuna að gæta eigi fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Mikilvægt er að rödd þeirra heyrst innan stjórnar stofnunarinnar. Einnig skal hér bent á að nútímaleg og notendavæn stofnun tileinkar sér nýjungar og er í stöðugri þróun. Notendur eru að jafnaði meðvitaðir um nýjar tæknilausnir og vilja aðgang að nýrri tækni.

Staðsetning nýrrar þjónustumiðstöðvar hefur ekki verið nefnd, nauðsynlegt er að hún sé á aðgengilegum stað auk þess að húsnæðið sé aðgengilegt fólki með mismunandi skerðingar. Þjónustan má ekki eingöngu vera bundin við að notendur sækji þjónustu á stofnunina, heldur að fagfólk og ráðgjafar mæti fólki þar sem þörfin er, s.s. á heimili viðkomandi, í skóla eða á vinnustað.

Aðildarfélög ÖBÍ hafa bent á að í kjölfar greiningar sé oft á tíðum mikill skortur á þjálfun og eftirfylgd. ÖBÍ treystir því að miðstöðin muni taka þá ábendingu alvarlega. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins kemur fram að von sé á reglugerð í kjölfar þess að lögin verði samþykkt. Óskar Öryrkjabandalag Íslands eftir því að fá þá reglugerð til umsagnar.

Ekkert um okkur án okkar.